

Frá heilsugæslunni á Klaustri

Bólusetning gegn influensu er hafin

Það eru eindregin tilmæli sóttvarnalæknis að áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar á þessu hausti.

Áhættuhóparnir eru:

Allir einstaklingar eldri en 60 ára.

Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.

Vakin athygli á að 60 ára og eldri fá gjaldfría sprautu.

Starfsfólk heilsugæslunnar

Prjónakaffihús

PRJÓNAKAFFIHÚS

Finnst ekki mörgum gaman að prjóna?

Það finnst okkur allavega.

Okkur finnst líka gaman að spjalla, skoða uppskriftir, og bara vera saman.

Nú ætlum við að bjóða öllu áhugafólki að koma á kaffihús hjá okkur sem verður á **Hótel Vík þriðjudaginn 16. okt. nk kl. 20.30**

Vonandi koma margir

Kvenfélag Svammshrepps



Guðmundur hættir með Víkurskála.

eftir 20 ára störf og rekstur Víkurskála og Hótel Eddu Vík Guðmundar Elíassonar bauð til kaffisamsætis af því tilefni laugardaginn 29. sept. sl. En hann fer til starfa hjá N1 í Fossnesti á Selfossi. Við rekstrinum taka þau hjón Elías Guðmundsson og Vilborg Smáradóttir, sonur hans og tengdadóttir.

Á myndinni t.v. eru þau Ólafía Ingólfssdóttir, Guðmundur Elíasson yngri og eldri, Tinna Elíasdóttir, Elías Guðmundsson og Vilborg Smáradóttir.

VITINN sendir nýjum rekstaradilum í Vík bestu árnaðaróskir.

Mynd: VITINN



Hún er óneitanlega ansi furðuleg þessi kartafla sem kom upp úr garðinum hjá Bjarna bónda í Hraunbæ. Vel við vöxt eins og sjá má miðað við eins lítra mjólkurfernu. Fyrir hugmyndaríka má sjá fætur, augu, nef og fleira.

Myndina tók Þóra Þorbergsdóttir.

Nokkrar myndir Jónasar Erlendssonar úr menningarveislunni um sl. helgi.



Halldór Unnar Ómarsson frá Suður-Hvammi söng einsöng á hátíðardagskrá.



Sigurður Sigurðarson dýralæknir fór með yrkingar og önnur gamanmál



Tónabráður, hinir einu sönnu léku við góðar undirtektir, en þeir eru talið f.v. Auðbert Vigfússon, frá Brekkum, Hróbjartur Vigfússon, frá Brekkum Sigurður Árnason frá Litla-Hvammi og Þórir N. Kjartansson í Vík.

IH

ICELANDAIRHOTELS

KLAUSTUR

Nú á haustmánuðum eru fram undan heljarins matarveislur af ýmsum toga á Icelandairhotel Klaustri þar sem matreiðslumaður hótelsins fer létt með að töfra fram hvern réttinn á fætur öðrum.

Villibráðarhlaðborð.

Eftirtalin laugardagskvöld verðum við með okkar margrómaða villibráðarhlaðborð þar sem hlaðborðið svignar undan kræsingnum.

Laugardagskvöldið 3. nóvember – Nokkur sæti laus.

Laugardagskvöldið 10. nóvember – FULLBÓKAÐ.

Laugardagskvöldið 17. nóvember - FULLBÓKAÐ.

Laugardagskvöldið 24. nóvember - Laust.

Verð pr. mann með dansleik er kr. 6.250.

Jólahlaðborð.

Laugardagskvöldin 1. desember og 8. desember verðum við með jólahlaðborð á “rólegum og rjómantískum nótum” á Hótel Klaustri.

Verð pr. mann er kr. 5.400.

Á Hótel Klaustri tökum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á árshátíð, gleðjast með starfsfélögum, saumaklúbbnum eða vínahópnum, halda upp á afmælið þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drukk.

Gerum tilboð í hópa – og svo verða sérkjör á gistingu ofangreindar helgar í tengslum við þessar veislur.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.
ICELANDAIR HOTEL KLAUSTUR
sími 487 – 4900.



Rauði kross Íslands
Víkurdeild

Námskeið á vegum Rauða krossins

fyrir heimsóknavini verður haldið á Ströndinni í Víkurskála þriðjudaginn 16. október 2007 kl. 18-21

Upplýsingar veita

Elsa í síma 848 3826

og Jóhanna svæðisfulltrúi í síma 864 6752

og taka við bókunum.

Einnig er hægt að fá upplýsingar á heimasíðu Rauða krossins

<http://www.redcross.is> og bóka sig þar

Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Víkurdeild Rauða krossins

Prestsbyggakirkja

*Guðspjónusta verður í Prestsbyggakirkju
sunnudaginn 14. október kl. 11.00.*

Sóknarprestur Laugarneskirkju séra Bjarni Karlsson
prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti.

Kirkjukór Laugarneskirkju leiðir almannan safnaðarsögn
ásamt kirkjukór Prestsbyggakirkju.

Komum fagnandi til kirkju og tókum vel á móti góðum gestum.

Sóknarprestur.

Menningarráð Suðurlands

8.10.2007

Auglýsing um verkefnastyrki til menningarstarfs á Suðurlandi

**Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki á grunni
samnings sveitarfélaga á Suðurlandi og menntamálaráðuneytis og
samgönguráðuneytis um menningarmál**

* Veita á styrki til menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurlandi. Ein úthlutun verður árið 2007, í byrjun nóvember.

* Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki til margvíslegra menningarverkefna en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag.

Menningarráðið mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 26. október. Ætlunin er að tilkynna um úthlutun í byrjun nóvember.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu SASS www.sudurland.is/sass. Hér er einnig að finna stefnu sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum og úthlutunarreglur.

Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is

Umsóknir skal senda, í tölvupósti og í ábyrgðarpósti, til Menningarráðs Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss eða á menning@sudurland.is.

Viðtalstímar miðvíkudaginn 17.10. 2007

Á skrifstofu Skaftárhrepps, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00-14:30

Á skrifstofu Mýrdalskrepps, Vík í Mýrdal kl. 16:00-17:00

Menningarráð Suðurlands

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Kirkjuskólinn í Mýrdal er með næstu samveru laugardaginn 13. okt. 2007, kl. 11:15 í Víkurskóla.

Nýjar bækur með Danna og Birtu, brúður koma í heimsókn, söngur og litastund.

Verið dugleg að mæta.
Allir hjartanlega velkomnir.

Sóknarprestur

SKEIÐFLATARKIRKJA Í MÝRDAL

*Guðspjónusta verður í Skeiðflatarkirkju í Mýrdal
sunnudaginn 14. okt. nk. kl. 14:00.*

Kórar Skeiðflatar- og Víkurkirkna syngja.
Organisti og stjórnandi er Kittu Kóvác.

Eftir predikun leika hjónin Balázs Stankowsky og Kittu Kovács
saman á fiðlu og orgel.

Pau eru bæði frá Ungverjalandi og eru nýráðnir kennarar við Tónskóla og Grunnskóla Mýrdalshrepps, auk þess sem Kittu hefur verið ráðin organisti við Víkur- og Skeiðflatarkirkjur.

Væntanleg fermingarbörn næsta vors sérstaklega hvött til að mæta með forráðamönnum sínum.

Sóknarprestur

Ball í Leikskálum

LAUGARD. 13. OKT.



HLJÓMSVEITIN KOPAR LEIKUR

ALDURSTAKMARK 16 ÁRA

UMF DRANGUR



Á menningarveislunni sl. helgi. Guðrún Sigurðardóttir listakona í Vík, sýnir gömlu, fallegu bollasettin. Mynd: Jónas Erl.



Í vor gaf Kaupþing banki leikskólabörnum í Suður-Vík allt til matjurtaræktar nema sjálfa moldina. Mýrdalshreppur úthlutaði þeim svo litlum skika til verksins. Í lok september var svo kominn uppskerutími. *Mynd: Jónas Erlendsson*

Vestanpósturinn til Víkur

Mýrdalurinn geymir margan listamanninn, án þess þó að margir viti af honum. Hún Harpa Jónsóttir er ein af þeim, (kona Kristins Tónskólastjóra). Ekki aðeins tekur hún stórkostlegar ljósmyndir heldur er hún afar listræn hannyrðakona. Vefstjórinn mælir með að fólk skoði heimasíðu hennar <http://vestan.blogspot.com/>

Tekið af [vef vik.is](http://vef.vik.is)

Upp hefur komið hugmynd um að vera með á heimasíðunni okkar dálk sem ber heitið "Notað & Nýtt" (eða eitthvað annað) og er dálknum ætlað að vera nokkurs konar smáauglýsinga dálkur.

Það kemur aðeins fyrir að við viljum gjarna selja/gefa, og eða óskum eftir notuðum/nýjum hlutum. Því ekki að auglýsa það í heimabyggð og athuga viðbrögðin.

Endilega látið vita hvort áhugi sé fyrir hendi.

Með bestu kveðju, Inger Schiöth.

Tekið af [vef vik.is](http://vef.vik.is)

Laust starf hjá Mýrdalshreppi

Framtíðarstarf í Íþróttamiðstöðinni í Vík.



Starfsmaður í íþróttamiðstöð - vaktavinna.

Starf í íþróttamiðstöð er tilvalinn starfs-vettvangur fyrir fólk sem vill vinna í fjörugu og skemmtilegu umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og þjónusta viðskiptavini.

Hæfniskröfur:

Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast fólk og hafa góða þjónustulund og standast hæfnispróf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði.



Umsóknarfrestur er til 15. október 2007.

Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Launanevndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar:

Skrifstofa Mýrdalshrepps sími 487-1210 mánudaga - föstudaga 10:00-12:00 og 13:00 - 15:00. Skriflegar umsóknir berist á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða á netfangið tomstundafulltrui@vik.is